

Mál nr. 234/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. ágúst 2022.
2. Bréf V dags. 1. september 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. september 2022.
5. Fyrirliggjandi gögn málsins hjá V, send að beiðni nefndarinnar.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. desember 2021 hafi M sótt meðferð hjá kírópraktor eða hnykkjara og við þá meðferð hafi hnykkjarinn X brotið eða brákað rifbein hennar. Fyrirliggjandi er læknisvottorð, dags. 20. febrúar 2022, þar sem fram kemur að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 9. desember 2021, þar sem hún lýsti verkjum við hreyfingar og var mjög aum hægra megin á rifjasvæði. Var hún greind með ofreynslu/rifbrot. Í málskoti kemur fram að þegar M upplýsti X um þetta hafi hann bent henni á að sækja bætur í sjúklingatryggingu hans hjá V. V hafi hins vegar hafnað kröfu hennar með bréfi dags. 10. júní 2022. M rekur í málskoti að hún hafi sótt meðferð hjá hnykkjara í um 200 skipti og ekkert þessu líkt komið fyrir áður. Þá kemur fram í málskoti að X hafi ekki áttað sig á því hvernig þetta gat gerst og ekki hafi verið um nýja meðferð að ræða, en tjón M hafi ekki komið til af sjálfu sér. Þá telur M sig hafa orðið fyrir ómældum líkamlegum og andlegum skaða þó rifbeinin hafi á endanum jafnað sig.

Í bréfi V kemur fram að óskað hafi verið eftir upplýsingum frá X. Komi fram hjá honum að M hafi meðan á meðhöndlun stóð fundið pílu fram í kvið en að hann hafi ekki fundið eða tekið eftir neinu sem honum fannst óeðlilegt. Að mati V hafi M ekki sýnt fram á að hvaða leyti hafi ekki verið rétt staðið að meðferðinni af hálfu X og þá hafi hún jafnað sig af umræddum áverkum. Séu skilyrði 1.-4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu því ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum X, óháð því hvort um óhapp eða vanrækslu hafi verið að ræða. Þá vonist hún til þess að tekið verði tillit til upplifunar hennar þennan dag, og þess andlega skaða sem hún hafi orðið fyrir.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar V þá afstöðu sína að M hafi ekki sýnt fram á bótaskyldu vegna tjónsins en sönnunarbyrði þess hvíli á henni.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr sjúklingatryggingu M, en sjúklingatrygging tekur til þeirra tjónsatvika sem talin eru upp í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Þar segir í 1. mgr. að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers þeirra atvika sem tilgreind eru í tölulíðum 1.-4 en þeir eru svohljóðandi: 1. *Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.* 2. *Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.* 3. *Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.* 4. *Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótaalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.*

Það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að tjón hennar sé að öllum líkindum að rekja til einhvers fyrrgreindra atvika. Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er ekki ljóst hvað varð til þess að M varð fyrir meiðslum við meðferð hjá X, eða að rétt hefði verið að haga meðferð með öðrum hætti en gert var. Er því ekki sýnt fram á að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Á sama hátt er ekki sýnt fram á líkur þess að tjón hafi hlotist af bilun eða galla í búnaði eða að komast hefði mátt hjá tjóni með beitingu annarrar meðferðaraðferðar eða -tækni. Verður því ekki séð að skilyrði 1., 2., eða 3. töluliðar séu uppfyllt. Hvað varðar 4. tölulið er ekki sýnt fram á að tjón M sé þess eðlis að bótaskylda sé fyrir hendi á grundvelli hans, enda liggja engin gögn fyrir nefndinni um umfang tjóns hennar að öðru leyti en því að hún hefur náð líkamlegum bata. Verður því ekki séð að skilyrði 4. töluliðar séu uppfyllt. Hefur því ekki verið sýnt fram á að um sé að ræða tjónsatvik sem sjúklingatrygging X tekur til og verður kröfu M þar af leiðandi hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir